

Ar 1983, miðvikudaginn 26. október, var í málinu nr. 3/1983 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 13. apríl 1983, óskaði Emil Adólfsson eftir því við nefndina, að endurskoðuð yrði álagning fasteignagjalda á fasteign í eigu Tónskóla Emils Adólfssonar að Brautarholti 4 í Reykjavík. Í bréfinu er meðal annars tekið fram, að í umræddu húsnæði fari fram alhliða tónlistarkennsla á vegum skólans.

Fyrir liggur álit borgaryfirvalda á málinu.


Samkvæmt 5.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og 1.mgr. 6.gr. reglugerðar nr. 320/1970 um fasteignaskatt eru skólar undanþegnir fasteignaskatti, en nánari skilyrði eru meðal annars þau, að ekki sé um rekstur í ágóða - eða atvinnuskyni að ræða, sbr. 2.mgr. 6.gr. reglugerðar nr. 320/1972. Þar sem ekki liggur fyrir, að síðastgreindu skilyrði sé fullnægt í máli því, sem hér er til úrlausnar, brestur lagaskilyrði til undanþágu frá fasteignaskatti.

ú r s k u r ð a r o r ð :

Lagaskilyrði brestur til að verða við ofangreindri beiðni.



Gaukur Jörundsson



Guðmundur Magnússon  
Guðmundur Magnússon



Pétur Stefánsson  
Pétur Stefánsson